

Athugasemd vegna kynningar á deiliskipulagstillögu fyrir Strandgötu 26-30

Í Skipulagslögum eru eftirfarandi markmið skilgreind í 1.gr:

I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr. Markmið.**

Markmið laga þessara er:

a. að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,

b. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,

c. að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,

d. að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana,

e. að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.

Ég undirrituð geri m.a eftirtaldar athugasemdir við tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðirnar Strandgötu 26-30 í Hafnarfirði.

1. Kvaðir um yfirborðsfrágang, efnisval, hlutföll og samhæfingu við þá byggð sem fyrir er á Strandgötunni eru ófullnægjandi. Leggja þarf áherslu á staðaranda.
2. Kvaðir um tengingu Strandgötu við verslunarmiðstöðina Fjörð um göngugötu sem liggur gegnum bygginguna á Strandgötu 26-30 þarf að skilgreina betur til að tryggja að hún heppnist vel.
3. Kvöð um fyrirkomulag verslunarrýmis á jarðhæð þarf að vera ítarlegri.
4. Gluggasetning á íbúðum sem snúa út að Strandgötu þarf að vera í sama anda og á nærliggjandi húsum, til að halda yfirbragði bæjargötu.

Staðarandi, útlit, fagurfræði almennt og gæði eru sannanlega huglæg hugtök, en þau þarf að ræða, gera kröfur til og vera í samtalinu um okkar manngerða umhverfi. Það er rík þörf á að miðbær Hafnarfjarðar fái þetta samtali; að skilgreind markmið með útlit og að hlutverk miðbæjarins séu sem flestum ljós. Þessi tillaga sýnir það ekki.

Með vinsemd

Borghildur Sturludóttir

Vesturgötu 12b